

Fundargerð 446. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2022, miðvikudaginn 26. október kl. 16:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Ólafsvík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Pétur Ólafsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Ólafur Þór Snorrason.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Í byrjun fundar bauð formaður fundargesti velkomna á þennan seinasta stjórnarfund þessarar stjórnar og þakkaði jafnframt fyrir farsælt samstarf.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 445. fundar - 2110003HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 445. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 16. september 2022.

Fundargerðin staðfest.

2. Úttekt á gjaldskrármálum hafna - 2201002HA

Rætt um úttekt á gjaldskrármálum hafna sem Gísli Gíslason fyrrum formaður Hafnasambands Íslands og hafnarstjóri Faxaflóahafna hefur unnið fyrir hafnasambandið.

Stjórn þakkar Gísla fyrir mjög góða vinnu en skýrsluna mun hann kynna á hafnasambandsþingi í Ólafsvík 27.-28. október 2022.

3. Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2021 - 2206003HA

Rætt um drög að skýrslu um fjárhagsstöðu íslenskra hafna 2021 sem hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga hefur unnið fyrir hafnasambandið en skýrslan verður kynnt á hafnasambandsþingi í Ólafsvík 27.-28. október 2022. Skýrslan verður jafnframt birt á vef hafnasambandsins 1. nóvember.

4. Hafnasambandsþing 2022 - 2110002HA

Rætt um undirbúning og framkvæmd hafnasambandsþings 2022.

Dagskrá hafnasambandsþingsins var samþykkt ásamt tillögu um Auði Kjartansdóttur sem forseta þingsins og Laufey Helgu Árnadóttur sem þingritara. Einnig voru tillögur að ályktunum fyrir hafnasambandsþingið lagðar fram til kynningar.

5. **Hafnasambandsþing og hafnafundur - 2210002HA**

Rætt um næsta hafnasambandsþing 2024 og hafnafundur 2023.

Samþykkt að halda hafnafundur 2023 hjá Hafnarfjarðarhöfn og hafnasambandsþing hjá Hafnasamlagi Norðurlands.

Fundi var slitið kl. 17:40

Lúðvík Geirsson

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Pétur Ólafsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Björn Arnaldsson

Ólafur Þór Snorrason